

Um verkefnið

Betri Garðabær 2023–2025

Betri Garðabær 2023-2025 er samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu um forgangsörðun og úthlutun fjármagns til smærri framkvæmda í nærumhverfi íbúa í Garðabæ. Verkefnið hefst í desember 2023 og lýkur að á árinu 2025.

Öll gögn um verkefnið eru aðgengileg á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is, og allar nánari upplýsingar eru veittar í þjónustuveri Garðabæjar eða á netfanginu gardabaer@gardabaer.is.

Tímasetningar

Verkefnið í heild er í fjórum fösum. Hugmyndasöfnun; umræða um hugmyndir og úrvinnsla; kosningar og framkvæmd. Helstu tímasetningar eru eftirfarandi:

- Hugmyndasöfnun er 21. desember 2023 - 22. janúar 2024.
- Hugmyndir metnar af matshópi verkefnisins sem leggur mat á kostnað við hönnun og framkvæmd.
- Rafræn kosning um verkefni til framkvæmda í maí 2024.
- Verkefni sem verða kosin fara í framkvæmd á árunum 2024-2025.

Fjármagn

Verkefnið er til tveggja ára og er gert ráð fyrir 100 milljónum í framkvæmdir á verkefnum. Fjármagnið er bundið við smærri framkvæmdir í nærumhverfi íbúa.

Hugmyndasöfnun er 21. desember 2023 - 22. janúar 2024.

Óskað er eftir hugmyndum að verkefnum sem kosið verður um í maí 2024.

Hugmyndirnar geta verið nýframkvæmdir sem m.a. geta eft hreyfi- og leikmöguleika og haft jákvæð áhrif á nærumhverfið m.a. til útivistar og samveru, bættu lýðheilsu og aðstöðu til leikja- og skemmtunar.

Þegar hugmynd er sett inn á hugmyndavefinn þarf að skrá sig inn með netfangi eða Facebook aðgangi, gefa hugmynd nafn, útskýra hana með texta/myndbandi/hljóðupptöku/ljósmynd og gjarnan merkja staðsetningu hugmynda á kort.

Íbúar geta kynnt sér hugmyndir annarra á vefnum, rökrætt þær og gefið þeim vægi sitt.

Öllum stendur til boða að nota almenningstölvur í Bókasafni Garðabæjar, Garðatorgi og Álfanesútibúi, og þjónustuveri bæjarskrifstofa Garðabæjar á afgreiðslutíma þessara stofnana.

Mat á hugmyndum

Matshópur, skipaður starfsmönnum Garðabæjar, fer yfir innsendar hugmyndir út frá skilyrðum verkefnisins og leggur að lokum fram ákveðinn fjölda hugmynda á kjörseðil sem íbúar kjósa um í maí/júní. Horft verður til þess að þær hugmyndir sem fara á kjörseðil verði dreift landfræðilega jafnt um sveitarfélagið. Gera má ráð fyrir að um 30 hugmyndir fari í kosningu í vor.

Skilmálar verkefna

- Hugmyndir íbúa að nýframkvæmdum sem hafa jákvæð áhrif á nærumhverfið.
- Hugmyndir sem hafa áhrif á möguleika til útivistar og samveru, bættu lýðheilsu og aðstöðu til leikja og skemmtunar.

>Verkefnin þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að geta átt möguleika á að fara í kosningu:

- Nýttast hverfi eða íbúum bæjarins í heild.
- Krefjast ekki verulegs rekstrarkostnaðar.
- Hugmyndir sem krefjast verulegs rekstrarkostnaðar svo sem starfsmannahalds eða vöktunar með öryggismyndavélum falla ekki að tilgangi verkefnisins.
- Kostnaður einstakra verkefna taki ekki of stóran hluta af heildar fjármagni verkefnisins.
- Tillögur samræmist skipulagi og/eða stefnu bæjarins.

- Vera á fullu forræði Garðabæjar og getur ekki verið háð samráði eða samningaviðræðum við aðra aðila s.s. stofnanir, sveitarfélög eða aðra hagaðila.
- Vera í samræmi við lög og reglur.

Rafræn kosning

Þegar búið er að vinna úr hugmyndunum og velja ákveðinn fjölda hugmynda og kostnaðarmeta fá íbúar í Garðabæ tækifæri til að kjósa um hugmyndirnar og úthluta allt að 100 milljónum króna í verkefni sem þeir vilja sjá framkvæmd í sveitarfélaginu næstu tvö árin.

Í maí 2024 fer fram rafræn kosning. Valið fer fram á sérstöku vefsvæði þar sem notandi auðkennir sig með öruggum hætti, með Íslykli eða rafrænum skilríkjum, þar sem atkvæðið er dulkóðað. Aldrei er hægt að tengja atkvæðið við einstakling. Kosningin er fyrir íbúa Garðabæjar sem verða 15 ára á kosningarárinu og eldri með skráð lögheimili í Garðabæ þegar valið fer fram. Vakin er athygli á því að ekki er um að ræða íbúakosningu í skilningi 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Framkvæmd verkefna

Undirbúningur framkvæmda fer af stað strax að loknum kosningum. Gera má ráð fyrir að þau verkefni sem þarfnast minni undirbúnings fari strax í framkvæmd. Stefnt er að því að stærri og flóknari verkefni sem kalla á hönnun og útboð verði lokið á árinu 2025.

Upplýsingar um stöðu framkvæmda verða aðgengilegar á vef Garðabæjar, gardabaer.is, og verða uppfærðar reglulega.

Þeim hugmyndum sem ekki komast áfram í kosningu verður komið áfram á þau svið og nefndir sem þau tilheyra til nánari úrvinnslu og skoðunar.

Annað

Ef að af einhverjum ástæðum einhver getur ekki sett fram hugmyndir á samráðsvef, á meðan á hugmyndasöfnun stendur yfir, er hægt að fá aðstoð í þjónustuveri á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, á staðnum eða í s. 525 8500 eða netfangi gardabaer@gardabaer.is.